

LANDSRÉTTUR

Dómur fimmtudaginn 11. júní 2026.

Mál nr. 91/2026:

A

(Hilmar Garðars Þorsteinsson lögmaður)

gegn

Barnavernd Reykjavíkur

(Dagmar Arnardóttir lögmaður)

Lykilorð

Barnavernd. Börn. Forsjársvipting. Gjafsókn.

Útdráttur

BR höfðaði mál og krafðist þess að A yrði svipt forsjá tveggja dætra sinna á grundvelli a- og d-liðar 1. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Héraðsdómur féllst á með BR að skilyrðum beggja greindra staflíða væri fullnægt. Þá taldi dómurinn að vægari úrræði kæmu ekki til álita eins og málið væri vaxið og að meðalhófs hefði verið gætt í samræmi við 7. mgr. 4. gr. barnaverndarlaga og 12. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Við meðferð málsins fyrir Landsrétti voru ný gögn lögð fram. Í þeim kom fram að A ætti enn mjög langt í land í meðferðarvinnu sinni. Þá væri sú afstaða dætra hennar sem í gögnunum birtist að meginstefnu til hin sama og komið hefði fram í fyrri viðtölum talsmanns stúlknanna við þær og samtölum þeirra við dómendur í héraði. Með vísan til hinna nýju gagna en að öðru leyti til forsendna hins áfrýjaða dóms var hann staðfestur.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómararnir Hervör Þorvaldsdóttir og Kristinn Halldórsson og Gyða Sigurlaug Haraldsdóttir sálfræðingur.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Áfrýjandi skaut málinu upphaflega til Landsréttar 5. desember 2025 en ekki varð af fyrirhugaðri þingfestingu þess 7. janúar 2026 og áfrýjaði hún öðru sinni 3. febrúar sama ár. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 26. nóvember 2025 í málinu nr. E-[...]/2025.
- Áfrýjandi krefst sýknu af kröfu stefnda. Þá krefst hún málskostnaðar fyrir Landsrétti eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.
- Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms.

Málsatvik, málsástæður aðila og sönnunarfærsla

- 4 Málsatvikum og málsástæðum aðila er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Málið hefur stefndi höfðað í því skyni að fá áfrýjanda svipta forsjá tveggja dætra sinna, sem fæddar eru [...] og [...]. Með hinum áfrýjaða dómi var fallist á kröfu stefnda á grundvelli a- og d-liðar 1. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.
- 5 Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fram í málinu fyrir Landsrétti. Áfrýjandi hefur lagt fram greinargerð M, iðjuþjálfar hjá Grænuhlíð, 6. febrúar 2026 um meðferð sem hún hefur veitt áfrýjanda. Stefndi hefur lagt fram greinargerðir N sálfræðings 20. desember 2025 varðandi dætur áfrýjanda og skýrslur talsmanns stúlkanna 11. febrúar 2026. Að lokum hefur stefndi lagt fram bókun meðferðarfundar frá sama degi vegna umgengni áfrýjanda við þær.

Niðurstaða

- 6 Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi liggur frammi í málinu álitserð D sálfræðings og E geðlæknis 27. ágúst 2024 varðandi forsjárhæfni áfrýjanda. Var álitserðin lögð til grundvallar niðurstöðu í hinum áfrýjaða dómi. Fyrir Landsrétti hefur áfrýjandi áréttað þann málatilbúnað sinn að ótækt sé að byggja á álitserðinni vegna alvarlegra veikinda sem hún hafi glímt við meðan á vinnslu hennar stóð. Nefndir sérfræðingar komu fyrir héraðsdóm til skýrslugjafar og staðfestu og skýrðu niðurstöður sínar. Voru þeir sérstaklega inntir eftir áhrifum veikinda áfrýjanda á matsvinnuna og kom fram hjá þeim að þótt tímabilið hefði verið henni erfitt teldu þeir að veikindin hefðu ekki haft umtalsverð áhrif á niðurstöður þeirra, enda hefði „vandinn [verið] byrjaður löngu fyrir“ eins og fram kom í skýrslu E í héraði. Þessu mati sérfræðinganna hefur áfrýjanda ekki tekist að hnekkja. Samkvæmt því en að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms verður framagreindum málatilbúnaði hennar hafnað.
- 7 Í greinargerð iðjuþjálfara 6. febrúar 2026 kemur fram að áfrýjandi hafi komið í alls 20 viðtöl frá 16. júlí 2025. Af greinargerðinni má ráða að áfrýjandi sé enn ekki í stakk búin til að hefja djúpa áfallavinnu sem hún, í ljósi langrar áfallasögu, þurfi á að halda. Mikilvægt sé að halda áfram markvissri vinnu við að styrkja þann grunn sem fyrir hendi sé áður en frekari meðferð hefjist. Að lokinni yfirstandandi meðferð verði staðan endurmetin og ákvörðun tekin um hvort og þá eftir atvikum hvenær hentugt sé að vísa áfrýjanda í áfallaúrvinnslu hjá sálfræðingi.
- 8 Í greinargerð sálfræðings 20. desember 2025, sem varðar yngri dóttur áfrýjanda, C, kemur fram að stúlkann dvelji mikið í eigin heimi. Hún virðist „aftengja“ og vera mikið í ímyndunarleikjum en það sé eitthvað sem sjáist hjá börnum með flókna áfallasögu. Stúlkann hafi lítið úthald og detti fljótt út og vilji helst bara vera í sínum heimi. Í greinargerð sálfræðingsins frá sama degi segir meðal annars um eldri dóttur áfrýjanda, B, að hún eigi erfitt með samskipti og óttist mjög að vera yfirgefin. Lítið þurfi til svo stúlkann fari úr jafnvægi og reynist skólasókn henni afar erfið, sérstaklega samskipti við önnur börn. Hún sýni sterk merki skynúrvinnsluvanda, auk þess sem einkenni einhverfu valdi henni vandræðum. Hún eigi erfitt með að lesa í aðstæður og misstigi

sig í samskiptum. Þá virðist sem umgengni við foreldra sé stúlkunni afar erfið og telji talsmaður ráðlegt að meta hvort efni séu til að endurskoða hana á meðan stúlkan sé í svo óstöðugu ástandi.

- 9 Samkvæmt skýrslu talsmanns dætra áfrýjanda hittu hann B 29. janúar 2026. Í skýrslunni kemur fram að samtal þeirra hafi farið fram á íslensku að beiðni stúlkunnar, en áður hafði hún kosið að tala ensku. Mjög mikill munur hafi verið á yfirbragði stúlkunnar í viðtalinu samanborið við fyrri skipti. Hún hafi verið brosmildari, viðræðubetri og almennt glaðari en áður. Spurð um afstöðu til umgengni við áfrýjanda kom fram hjá stúlkunni að hún hefði „neutral tilfinningar“ til umgengni og væri tilbúin að hafa hana áfram með sama hætti og verið hefði. Þó vildi hún að umgengni færi fram á heimili móður og án eftirlits. Kvaðst stúlkan finna til með móður sinni þar sem hún byggi núna ein með köttunum sínum. Þá sagðist hún geta hugsað sér í framtíðinni að gista eina nótt hjá mömmu sinni. Líðan sína fyrir og eftir umgengni sagði stúlkan vera misjafna en hún væri þó alltaf þreytt að henni lokinni.
- 10 Talsmaður hittu C 9. febrúar 2026. Fram kom hjá stúlkunni að henni liði vel á fósturheimilinu. Þá lýsti hún góðri líðan bæði fyrir og eftir umgengni við áfrýjanda. Enn fremur lýsti stúlkan vilja til þess að hitta móður með sama hætti og áður og kvaðst hún hvorki vilja breyta fjölda skipta né lengd þeirra. Stúlkan sagðist frekar vilja umgengni undir eftirliti en tók þó fram að það vildi hún aðallega vegna systur sinnar.
- 11 Samkvæmt bókun meðferðarfundar 11. febrúar 2026 varðandi umgengni áfrýjanda við stúlkunnar hefur umgengnin farið fram einu sinni í mánuði samkvæmt samningi og gengið ágætlega og verið án uppákoma. Samskipti á milli mæðgnanna hafi að mestu farið fram á ensku og þau að hluta til verið yfirborðskennd. Í bókuninni er sett fram sú tillaga með vísan til forsögu málsins, fyrirbyggjandi gagna og vilja stúlkunnar að umgengni þeirra við áfrýjanda verði þannig háttáð að þær hittu móður sína átta sinnum á ári undir eftirliti í húsnæði Barnaverndar.
- 12 Þau nýju gögn sem lögð hafa verið fyrir Landsrétt og reifuð eru hér að framan eru, svo langt sem þau ná, í góðu samræmi við þau gögn sem fyrir lágu í héraði. Þannig kemur fram að áfrýjandi eigi enn mjög langt í land í meðferðarvinnu sinni. Þá er sú afstaða dætra hennar, sem í gögnunum birtist, að meginstefnu til hin sama og áður hefur komið fram í fyrri viðtölum talsmanns við stúlkunnar og samtölum þeirra við dómendur í héraði við upphaf aðalmeðferðar. Tilvitnuð gögn skjóta þannig enn frekari stoðum undir niðurstöðu hins áfrýjaða dóms. Samkvæmt því en að öðru leyti með vísan til forsendna dómsins verður hann staðfestur, þar með talið um málskostnað og gjafsóknarkostnað áfrýjanda.
- 13 Stefndi krefst ekki málskostnaðar. Rétt þykir að málskostnaður fyrir Landsrétti falli niður. Um gjafsóknarkostnað áfrýjanda fer samkvæmt því sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Landsrétti fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, A, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmannna hennar, Hilmars Garðars Þorsteinssonar, 1.083.000 krónur, og Helgu Völu Helgadóttur, 300.000 krónur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 26. nóvember 2025

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

1. Mál þetta, sem var dómtekið 29. október sl., var höfðað 29. júlí s.á. af Barnavernd Reykjavíkur, gegn A, [...].
2. Stefnandi krefst þess að stefnda verði svipt forsjá barna sinna, B, kt. [...], og C, kt. [...], sbr. a- og d-lið 1. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.
3. Stefnda krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og greiðslu málskostnaðar eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál.

Helstu málsatvik

4. Mál þetta varðar tvö börn stefndu sem eru nú [...] og [...] ára gömul, en auk þeirra á hún eitt eldra barn, sem er [...] ára og hefur búið utan heimilis stefndu um árabil. Afskipti barnaverndar af málefnum stefndu hófust [...], þegar elsta barn stefndu fæddist. Málefni stefndu vegna barnanna tveggja sem mál þetta lýtur að hafa verið til meðferðar hjá barnaverndaryfirvöldum, bæði í Reykjavík og á [...] þar sem stefnda bjó um tíma, með hléum frá árinu 2015. Í ágúst 2017 sendi Barnavernd [...] mál barna stefndu til stefnanda enda voru þá opin mál þar til meðferðar. Ekki varð af frekari afskiptum stefnanda af málefnum barnanna þar sem upplýsingar bárust skömmu síðar um að stefnda væri flutt með þau til [...]. Þótt gögn máls sýni að stefnandi hafi á þeim tíma talið að stefnda og börn hennar væru í þörf fyrir stuðning var ekki talin þörf á að senda tilkynningu þess efnis til barnaverndaryfirvalda á [...]. Á meðan stefnda bjó á [...] bárust a.m.k. tvær tilkynningar til stefnanda þar sem lýst var áhyggjum af aðbúnaði barna stefndu ytra. Stefnda mun hafa flutt til Íslands á ný snemma á árinu [...] en elsta barn hennar kom til landsins í janúar [...] og hefur upp frá því búið hjá [...] og [...] sínum þar sem það er nú í varanlegu föstri. Mál barna stefndu voru könnuð í þrígang áður en formleg meðferð þess á grundvelli barnaverndarlaga hófst í október 2023. Alls hafa alls sex tilkynningar borist í málum barnanna frá árinu 2017 þar sem m.a. hefur verið tilkynnt um vanrækslu og grun um ofbeldi af hálfu stefndu, auk þess sem það olli áhyggjum þegar stefnda tók upp samband við dæmdan ofbeldismann sem talinn er hættulegur.
5. Börnin hafa verið vistuð utan heimilis stefndu, á heimili móðurömmu sinnar og stjúpafa, frá 1. mars 2024. Í upphafi var það gert með samþykki stefndu en síðar með úrskurðum umdæmisráðs þar sem stefnda samþykkti einvörðungu áframhaldandi vistun eldra barnsins til 19. september 2024 en ekki þess yngra. Þann 19. september 2024 úrskurðaði umdæmisráð um framlengingu vistunar barnanna til fjögurra mánaða til viðbótar og veitti barnavernd heimild til að krefjast vistunar til tveggja mánaða til viðbótar við þann tíma. Héraðsdómur Reykjavíkur staðfesti úrskurð umdæmisráðs 12. nóvember 2024 um vistun barnanna til 19. mars 2025 og var úrskurður dómsins staðfestur í Landsrétti 19. desember 2024. Stefnda samþykkti áframhaldandi vistun barnanna utan heimilis með yfirlýsingu 25. febrúar sl. og samþykkti vistun í tímabundnu föstri með yfirlýsingu 22. maí 2025 en ráðstöfun samkvæmt síðar greindri yfirlýsingu skyldi standa til 20. júní sl. Sú ráðstöfun hefur haldist síðan en samkvæmt úrskurði umdæmisráðs Barnaverndar Reykjavíkur þann dag var stefnda veitt heimild til að krefjast þess fyrir dómi að stefnda yrði svipt forsjá

barna sinna og var málið höfðað í kjölfar þessa. Vistun barnanna utan heimilis stefndu hefur því staðið óslitið frá því í mars 2024 og nú á grundvelli 2. mgr. 28. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

6. Stefnda er [...] árs gömul, er öryrki og býr í leiguhúsnæði. Hún fer ein með forsjá barnanna og hefur faðir þeirra nánast ekkert komið að uppeldi þeirra frá árinu 2018 en börnin hafa verið í umgengni við hann undanfarin misseri. Þegar stefna málsins var gefin út var stefnda í sambandi við mann sem afplánaði refsisdóm, sem hann hlaut í [...] fyrir [...] auk annarra brota, og mun hann á þeim tíma hafa nýtt sér stigskipta afplánun og hefur afplánað refsingu á áfangaheimilinu [...] frá [...]. Í umsókn hans um að ljúka afplánun refsingar með rafrænu eftirliti kom fram að hann óskaði eftir að dvalarstaður hans, á meðan rafrænt eftirlit vari, verði á heimili stefndu. Í gögnum málsins kemur fram að hann sé með geðrofssjúkdóm, eigi sögu um fíkniefnaneyslu og sé talinn hættulegur. Í skýrslu stefndu fyrir dómi bar hún að sambandi þeirra hafi lokið í júlí á þessu ári. Í gögnum málsins er að finna upplýsingar um að tilkynning hafi borist lögreglu 3. júlí sl. um ofbeldi af hálfu maka á heimili stefndu.
7. Stefnda á að baki sögu um margvísleg áföll þar sem hún hefur orðið fyrir kynferðislegu, andlegu og líkamlegu ofbeldi, m.a. kynferðislegu ofbeldi í æsku. Hún hefur einnig glímt við fíkniefnaneyslu og geðræn vandamál. Í niðurstöðu forsjarhæfnimats frá árinu 2011, sem D sálfræðingur vann að beiðni stefnanda, vegna elsta barns hennar, kemur fram að stefnda sé talin geta sinnt barninu haldi hún vímuefnabindindi en á þeim tíma hafði hún verið edru í tæpt ár. Þá kemur fram í niðurstöðu matsins að stefnda þurfi að vinna frekar úr sínum vanda, þroska innsæi í eigið tilfinningalíf og efla getu sína til að setja sig í spor annarra.
8. Stefnda hefur notið stuðnings og félagslegrar ráðgjafar frá þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar með hléum allt frá árinu 2005. Í janúar 2024 greindist hún með illkynja krabbamein og gekkst í kjölfarið undir geisla og lyfjameðferð vegna þessa frá [...] til loka [...]mánaðar 2024.
9. Núverandi vinnsla málsins hófst í október 2023 í kjölfar tilkynningar frá skóla barnanna eftir að eldra barnið greindi kennara frá andlegu og líkamlegu ofbeldi af hálfu stefndu. Könnun renndi frekari stöðum undir grun um líkamlegt og andlegt ofbeldi, vanrækslu og slæman aðbúnað barnanna í umsjá stefndu. Gerð var áætlun 14. nóvember 2023 um meðferð máls á grundvelli 23. gr. barnaverndarlaga þar sem m.a. var kveðið á um úrræði á vegum Ylfu, óboðað eftirlit á heimili stefndu, aðstoð við að koma stefndu að hjá geðlækni og listmeðferð fyrir börnin. Markmið þessara úrræða var að tryggja öryggi barnanna á heimilinu og bæta uppeldisaðstæður þeirra, að veita stefndu stuðning í uppeldishlutverkinu og stuðla að bættri andlegri líðan hennar.
10. Sérfræðingar á vegum Ylfu voru fengnir til að greina aðstæður á heimili stefndu og meta þörf hennar og barna hennar fyrir stuðning. Í niðurstöðum skýrslu Ylfu frá 11. desember 2023 kemur fram að stefnda hafi ekki færni, yfirsýn, skipulagshæfni eða úthald til þess að halda heimili svo vel sé og þurfi á að halda alhliða stuðningi við heimilishald. Þá kom fram að stefnda þyrfti að mati starfsmanna Ylfu að undirgangast ítarlegt geð- og sálfræðimat og farið var yfir hvaða mögulegu stuðningsúrræði gætu komið til greina fyrir stefndu. Þá var í skýrslu Ylfu einnig bent á að skipa mætti börnunum talsmann og talin þörf á að þau undirgengjust ítarleg sálfræðimat.
11. Í svari skóla barnanna í janúar 2024 við fyrirspurn frá stefnanda er lýst alvarlegri stöðu beggja barnanna, þótt ólík séu. Námsleg staða þeirra beggja sé slök og mætingar sömuleiðis, þau tali bæði ensku þótt þau eigi íslenska foreldra og séu að mestu alin upp hérlandis. Aðstoð við heimanám sé ófullnægjandi og klæðnaði þeirra og nesti sé ábótavant. Þá segir að félagsleg staða eldra barnsins sé erfið og því virðist líða mjög illa. Yngra barninu gangi betur félagslega, það virðist glaðara en sé hins vegar utan við sig og þurfi að fá mjög skýrar leiðbeiningar um það hvar það eigi að vera.
12. Mál barnanna var tekið fyrir á meðferðarfundi stefnanda 7. febrúar 2024. Þar var m.a. greint frá fundi með stefndu 15. janúar til að fara yfir niðurstöðu skýrslu Ylfu, svör frá skóla barnanna og önnur gögn sem lúta að stöðu þeirra. Stefnda lýsti því á fundinum að hún væri ósammála flestu af því sem fram kom í skýrslu Ylfu og taldi litlu eða engu vera ábótavant við uppeldi eða umönnun barnanna. Þá taldi hún áhyggjur og athugasemdir frá skóla barnanna ekki eiga rétt á sér nema þá að mjög litlu leyti. Hún hafnaði þjónustu geðlæknis og að mestu frekari stuðningi frá stefnanda. Á meðferðarfundinum var bókað það mat starfsmanna að stefnda vanræki börnin og að aðstæður þeirra á heimilinu séu óviðunandi. Í ljósi þessa og

með hliðsjón af því að stefnda virtist ekki gera sér grein fyrir alvarleika aðstæðna barna sinna og hafi hafnað öllum stuðningi inn á heimilið var lagt til að börnin yrðu vistuð utan heimilis í allt að sex mánuði og að á sama tíma yrði aflað forsjárhæfnimats á stefndu og sálfræðilegs mats á börnunum, auk þess sem listmeðferð var talin geta gagnast þeim til úrlausnar á tilfinningalegum vanda. Ný meðferðaráætlun á grundvelli framangreinds var gerð 14. febrúar s.á. með samþykki stefndu. Áætlunin fól í sér margvíslegar aðgerðir, m.a. tímabundna vistun barnanna utan heimilis í þrjú mánuði, skipulagða umgengni stefndu við börnin, reglulegt eftirlit með heimili stefndu þegar börnin snúi þangað á ný, vinnu að því að fá stefndu til samvinnu um frekari stuðning og aðstoð við að sækja um slíkan stuðning og samvinnu við skóla og aðra aðila sem koma að málefnum barnanna. Hvað börnin varðar er í áætlununum gert ráð fyrir að stefnandi fylgi eftir greiningarferli og listmeðferð þeirra og skipi þeim talsmann. Þá samþykkti stefnda að undirgangast forsjárhæfnimat sálfræðings og geðlæknis.

13. D sálfræðingur og E geðlæknir voru fengnir til að meta forsjárhæfni stefndu og skiluðu þeir ítarlegri álitgerð 27. ágúst 2024. Í niðurstöðu álitgerðar þeirra kemur fram að stefnda glími við flókinn geðvanda, sem sé blanda af vægum geðhvörfum, kvíðaröskun, ADHD og persónuleikaröskun (borderline- og paranoid-þætti) og að andlegar sveiflur skerði færni hennar til að annast börnin. Sérfræðingarnir telja stefndu skorta viðvarandi innsæi í eigin stöðu og hafa tilhneigingu til að afneita vandanum. Þá telja þeir stefndu búa yfir takmarkaðri færni til að nýta sér meðferð og frekari stuðningsúrræði þótt hún hafi næga greind og getu til þess. Sérfræðingunum virðist stefnda eigi nóg með sjálfa sig og sína líðan. Forsjárhæfni og forsjárgeta stefndu sé skert og mjög ólíklegt að hún geti veitt börnunum uppeldisskilyrði sem tryggi velferð þeirra og eðlilegan þroska. Í álitgerð þeirra kemur fram að styrkleikar stefndu í uppeldislegu tilliti felist í því að henni þyki mjög vænt um börnin sín og geti sinnt þeirra daglegu þörfum og verið góður félagi þeirra. Hins vegar fari það verulega eftir dagsformi hennar hvort hún í reynd sinni þessum uppeldisþáttum. Fram kemur í álitgerðinni að frávik séu í þroska beggja barnanna sem krefjist sérstakrar umönnunar til langs tíma og stefnda mæti ekki slíkum þörfum þeirra.
14. Ný meðferðaráætlun var gerð 7. október 2024 með samþykki stefndu. Markmið hennar var að veita stefndu stuðning, bæta uppeldisfærni hennar og jafnframt að fylgjast með börnunum í vistun utan heimilis. Samkvæmt áætluninni var gert ráð fyrir víðtækum stuðningi við stefndu sem fólst m.a. í því að aðstoða hana við að komast í geðmeðferð, sálfræðimeðferð og á uppeldisnámskeið. Í áætluninni var mælt fyrir um umgengni stefndu við börnin undir eftirliti og að stefnda veitti samþykki sitt fyrir greiningu barnanna, auk þess sem þeim skyldi skipaður talsmaður.
15. F sálfræðingur vann sálfræðileg mót vegna beggja barnanna að beiðni stefnanda og skilaði skýrslu fyrir eldra barnið 12. janúar sl. og fyrir yngra barnið 27. s.m. Í samantekt vegna eldra barnsins kemur fram að því hafi verið vísað í athugun hjá sálfræðingi vegna ADHD-einkenna og einkenna á einhverfurófi. Vitsmunafroski barnsins var metinn í meðallagi, en erfitt hafi verið að túlka niðurstöðu mælinga á prófi, og einkenni á einhverfurófi voru talin yfir viðmiðunarmörkum samkvæmt matslistum. Þá voru einkenni athyglisbrests og ofvirkni/hvatvísi einnig talin vera yfir mörkum samkvæmt matslistum. Mælti sálfræðingurinn með frekari athugun á einkennum á einhverfurófi og einkennum ADHD á Geðheilsumiðstöð barna. Í samantekt sálfræðings vegna yngra barnsins kemur fram að því hafi verið vísað í athugun sálfræðings vegna ADHD-einkenna. Í matinu er því lýst að líðan og hegðun barnsins hafi batnað eftir að það fór í vistun utan heimils. Barnið sé m.a. opnara í skólanum og hafi eignast vini. Niðurstöður vegna mats á vitsmunafroska þess voru innan meðallags en einkenni talin yfir greiningarviðmiðum hvað varðar athyglisbrest og ofvirkni/hvatvísi og mælt með frekari athugun á ADHD á Geðheilsumiðstöð barna.
16. Frá því að börnin fóru í vistun utan heimilis hafa þau verið í umgengni við stefndu undir eftirliti. Fyrst í stað fór umgengni fram á heimili stefndu en á meðferðarfundum sl. voru ákveðið að færa hana yfir í húsnaði á vegum stefnanda. Ástæða þess var m.a. sú að maður sem stefnda var þá í sambandi við, og gerð er grein fyrir að framan, hafði verið á heimili hennar og ekki talið óhætt að börnin væru í samvistum við hann. Lengst af var umgengin einu sinni í viku, tvo tíma í senn. Í skýrslum starfsmanns Ylfu, sem sinnti eftirliti með umgengni kemur fram að hún hafi gengið misvel. Stefndu hafi verið veittar leiðbeiningar um hvernig æskilegt væri að samskipti hennar við börnin væru í umgengni, hún hafi yfirleitt tekið leiðsögninni vel en lítið getað tileinkað sér það sem lagt hafi verið til. Þá kemur fram í skýrslu listmeðferðarfræðings

sem hefur sinnt börnum stefndu, dags. 16. október 2024, að umgengni við hana valdi börnunum ákveðnum erfiðleikum. Hún valdi því eldra kvíða og það barn segist upplifa þrýsting frá stefndu um að segjast vilja fara til hennar. Yngra barnið, sem sé jákvæðara í garð stefndu, upplifi togstreitu milli stefndu og ömmu sinnar, sem það býr hjá.

17. Í lok október 2024 var samþykkt tilvísun fyrir stefndu á göngudeild geðdeildar Landspítalans og ákveðið að hún myndi fá þjónustu í svonefndu DAM-teymi. Í gögnum málsins kemur fram að stefnda hafi verið boðið í þriggja til matsviðtals en ekki mætt, ekki svarað símtölum eða skilaboðum í gegnum Heilsuveru og spítalinn líti svo á að hún hafi afþakkað þjónustu á hans vegum. Stefnda mætti hins vegar í tvö viðtöl hjá geðlækni í fjölskyldumiðstöðinni Grænuhlíð í febrúar 2025.
18. Gerð var ný meðferðaráætlun 14. mars 2025 með samþykki stefndu með sömu markmið og síðasta áætlun frá 7. október. Enn er gert ráð fyrir að stefnda sinni geðmeðferð á Landspítalanum og jafnframt frekari geð- og sálfræðimeðferð í Grænuhlíð og fái þar einnig uppeldisstuðning. Í apríl og maí á þessu ári bárust þær upplýsingar frá Grænuhlíð að staða stefndu væri slæm og ekki talið víst að hún væri meðferðartæk. Í öllu falli sé ljóst að hún þurfi á langri meðferð að halda, þ.e. í eitt til tvö ár, og á þessum tíma var það mat geðlæknis að stefnda væri ekki í ástandi til að geta nýtt sér hópmeðferð. Í skriflegu svari frá geðlækni í Grænuhlíð frá 16. júní sl. er greint frá því að nauðsynlegt sé talið að vinna frekar með áföll stefndu áður en unnt sé að veita henni stuðning í uppeldishlutverkinu. Hafi henni verið boðið að fara í iðjuþjálfun í því skyni að hjálpa henni að ná ró á taugakerfið og að því búnu að fá viðtöl við sálfræðing í áfallaúrvinnslu. Fram kemur í svari frá læknum að stefnda hafi sýnt góðan samstarfsvilja og sé jákvæð fyrir samvinnu við meðferðaraðila.
19. Börnin hafa notið aðstoðar talsmanns á meðan á vinnslu málsins hefur staðið, sbr. 3. mgr. 46. gr. barnaverndarlaga, og hefur G félagsráðgjafi sinnt því hlutverki. Í skýrslum hennar kemur fram að börnunum líði vel í vistun hjá ömmu sinni og stjúpa og hafa þau bæði lýst því yfir að þau vilji vera þar áfram fram á fullorðinsár. Börnin hafa greint talsmanni sínum frá því að þeim líði ekki vel í umgengni við foreldra sína og það veiti þeim ekki ánægju að umgangast stefndu, fremur veki það upp erfiðar tilfinningar og slæma líðan. Síðustu skýrslur talsmanns barnanna eru frá 26. september sl., varðandi eldra barnið, og 6. október sl., varðandi yngra barnið. Samkvæmt því sem þar kemur fram er afstaða eldra barnsins óbreytt; það vill búa áfram hjá fösturföreltrum sínum og óskar ekki eftir umgengni við foreldra sína, hvorki stefndu né föður sinn. Yngra barnið tjáir sig líka um ánægju með að búa hjá fösturföreltrum sínum en er jákvæðara gagnvart umgengni við foreldra sína. Það vill halda umgengni við stefndu óbreyttri frá því sem verið hafi að undanförunu en myndi vilja hitta föður sinn oft. Börnin hafa einnig verið í meðferð hjá H listmeðferðarfræðingi í 8–10 skipti. Í skýrslum listmeðferðarfræðings kemur fram að yngra barnið eigi auðveldara með að hitta stefndu en upplifi togstreitu og hollustuklemmu milli stefndu og móðurömmu. Eldra barnið sé aftur á móti afdráttarlaust í þeirri afstöðu sinni að vilja ekki búa hjá stefndu og telur listmeðferðarfræðingurinn að umgengni við hana verði að fara fram undir eftirliti.
20. Af nýlegum upplýsingum frá skóla barnanna má ráða að staða þeirra hafi batnað eftir að þau fóru af heimili stefndu. Eldra barninu er lýst sem hlédrægu í samskiptum og tekið fram að það sé viðkvæmt fyrir hávaða og látum. Fram kemur að barnið hafi verið í ágætis jafnvægi það sem af er vetri miðað við fyrri vetur, sé snyrtilegt til fara, vel nestað, mæti vel og hafi tekið miklum framförum í íslensku. Tiltekið er að samskipti við móðurömmu hafi verið mjög góð en samskipti við stefndu á síðasta skólaári hafi stundum verið flókin. Yngra barninu er lýst sem oftast kátu og hressu barni sem sé ljúft og gott við önnur börn og nærgætið í samskiptum. Aðbúnaður þess er sagður góður og greinilegt sé að vel sé haldið utan um skólamál barnsins. Miklar framfarir hafi orðið hjá barninu varðandi líðan í skólanum og hæfni í íslensku sl. vetur. Þá kemur fram að barnið eigi það til að vera utan við sig og námsleg staða þess sé slök vegna athyglisvanda í tímum.
21. Hvað varðar ástand stefndu nú kemur fram bréfi fjölskyldumiðstöðvarinnar Grænuhlíðar frá 17. október sl. að stefnda hafi hafið meðferð á vegum miðstöðvarinnar 16. júlí sl. og mætt í átta viðtöl. Staða hennar sé viðkvæm en hún hafi sýnt skýr merki um vilja til breytinga. Vandí hennar sé margþættur og flókinn, hún glími við flókna áfallastreituröskun og hugrofseinkenni og skorti innsæi varðandi færni í daglegu lífi. Stefnda hafi verið samvinnuþýð, mætt á AA-fundi og þegið þjónustu Samhjálp. Núverandi meðferð miði að því að ná stöðugleika í líðan stefndu og undirbúa hana undir eiginlega áfallavinnu.

22. Fyrir upphaf aðalmeðferðar ræddu dómara við börnin hvort í sínu lagi. Við aðalmeðferð málsins gaf stefnda aðilaskýrslu, auk þess sem eftirfarandi vitni komu fyrir dóm til skýrslugjafar: I lækni, [...] stefndu, F sálfræðingur, J sálfræðingur, K þroskaþjálfari, G félagsráðgjafi, E geðlækni, D sálfræðingur, L, félagsráðgjafi hjá stefnanda, og M iðjuþjálfari. Framburður þeirra er rakinn í niðurstöðukafla dómsins eftir því sem tilefni er til.

Málsástæður og lagarök stefnanda

23. Stefnandi gerir kröfu um að stefnda verði svipt forsjá tveggja barna sinna á grundvelli a- og d-liðar 1. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Stefnandi vísar máli sínu til stuðnings til rökstuðnings umdæmisráðs í úrskurði sínum frá 20. júní 2025 og byggir á því að skilyrði séu uppfyllt til að fallast á kröfuna
24. Það séu grundvallarréttindi barna að búa við stöðugleika í uppvexti og þroskavænleg skilyrði. Sýnt sé að stefnda sé óhæf eða ófær um að tryggja börnunum þá vernd og umönnun sem þau eigi skýlausan rétt á. Forsjárréttur foreldra takmarkist af þeim mannréttindum barna að njóta forsvanlegra uppeldisskilyrða. Þegar hagsmunir foreldris og barns vegist á vegi hagsmunir barnsins, hvað því er fyrir bestu, þyngra á vogarskálunum. Þessi regla sé grundvallarregla í íslenskum barnarétti og komi einnig fram í þeim alþjóðlegu sáttmálum sem Ísland er aðili að. Ljóst sé að börnin hafi þörf yfir stöðugleika og öryggi sem stefnda hafi reynst ófær um að tryggja þeim. Þá sé vilji barnanna skýr og taka beri réttmæt tillit til hans. Hinu opinbera sé einnig skylt að veita börnum vernd, svo sem fyrir er mælt um í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, barnaverndarlögum og lögum um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013. Þessi regla eigi sér einnig stoð í 2. mgr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og í alþjóðasamningi Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi sem Ísland hefur fullgilt.
25. Með vísan til framangreinds, meginreglna í barnaverndarrétti, sbr. 4. gr. barnaverndarlaga, gagna málsins að öðru leyti og með hagsmuni barnanna að leiðarljósi, gerir stefnandi þá kröfu að stefnda verði svipt forsjá barnanna, sbr. a- og d-lið 1. mgr. 29. gr., enda séu önnur og vægari úrræði fullreynd og því ekki líkleg til að skila árangri.

Málsástæður og lagarök stefndu

26. Stefnanda krefst sýknu og byggir kröfu sína á meginreglu barnaverndarlaga um að ávallt skuli gæta meðalhófs þegar komi að inngripi barnaverndaryfirvalda í líf barna og fjölskyldna þeirra. Hún mótmælir því að það sé börnum hennar fyrir bestu að hún verði svipt forsjá þeirra. Stefnandi hafi, með umtalsverðum drætti á að útvega henni og börnum hennar nauðsynlegan stuðning, valdið þeim öllum varanlegum skaða og skert tengsl þeirra. Jafnframt hafi tafir á aðstoð frá stefnanda komið í veg fyrir að stefnda og börn hennar hafi getað byggt upp líf sitt saman eftir erfiðleika sem þau glímdu við árið 2023 og fyrri hluta 2024 en þeir erfiðleikar hafi stafað af utanaðkomandi aðstæðum, heilsubresti stefndu og flutningi fjölskyldunnar milli landa.
27. Með réttum stuðningi hefði mátt viðhalda tengslum stefndu og barnanna sem því miður hafi skerast verulega vegna inngrips stefnanda og ófullnægjandi stuðningsúræða. Stefnandi hafi brotið gegn lögbundinni skyldu sinni að sjá til þess að tengslin milli þeirra rofnuðu ekki þrátt fyrir inngrip stefnanda. Það séu grundvallarréttindi barna stefndu að þekkja foreldra sína og í því felist m.a. að tryggja skuli að tengsl stefndu við þau séu hvorki rofin né skert á varanlegan hátt. Stefnandi hafi brotið gegn þessum grundvallarréttindum barna stefndu. Allt frá upphafi málsmeðferðar hafi aðgerðir stefnanda miðast við þarfir og vilja eldra barnsins á kostnað þarfa og vilja þess yngra. Sterkar vísbendingar séu um að eldra barnið glími við einhverfu og fleiri þroskafrávik en greiningu sé ekki lokið. Yngra barnið hafi hins vegar þörf og vilja til að vera nálægt stefndu og njóta umönnunar hennar en stefnandi hafi komið í veg fyrir að það barn fengi notið eðlilegra samvista við stefndu. Með því hafi verið brotið gróflega gegn rétti hennar.
28. Stefnanda byggir á því að önnur og vægari inngrip í líf fjölskyldunnar hafi ekki hafi verið reynd til þrautar áður en tekin hafi verið ákvörðun um að krefjast forsjársviptingar. Stefnandi sé bundinn af meðalhófsreglu 7. mgr. 4. gr. barnaverndarlaga og 12. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sbr. 38. gr. fyrrnefndu laganna. Í því felist að barnaverndaryfirvöld skulu ávallt beita vægustu ráðstöfunum til að ná þeim markmiðum sem að

er stefnt og því aðeins beita ýrtruðu ráðstöfunum þegar fyrir liggi að markmiðum verði ekki náð með öðru og vægara móti. Ávallt skuli kanna önnur og vægari úrræði áður en gripið sé til þess að svipta foreldri forsjá. Ekkert mat liggi fyrir í málinu á áhrifum þess til framtíðar að tengsl hennar og barnanna séu slitin varanlega eins og nú sé krafist. Telur stefnda mikilvægt að bíða árangurs af meðferð hennar í Grænuhlíð sem fyrirhugað sé að hefja á næstunni með það að markmiði að fjölskyldan geti sameinast á ný. Enginn raunverulegur vilji hafi verið að baki því yfirlýsta markmiði með afskiptum stefnanda að ná stefndu og börnunum saman á ný eftir það tengslarof sem aðgerðir stefnanda sl. tvö ár hafi stuðlað að. Þá veki stefnda athygli á því að hún eigi sér langa áfallasögu og rof hafi orðið á tengslum á milli hennar sjálfrar og móður hennar sem nú beiti sér af fullum þunga til að skilja á milli hennar og barna hennar og njóti til þess fulltingis stefnanda. Vilji stefndu standi fyrst og fremst til þess að byggja upp kærleiksrikt samband milli sín og barna sinna og endurvinnna það traust sem áður hafi ríkt á milli þeirra. Til þess að svo geti orðið þurfi stefnandi að hafa frumkvæði að aðgerðum sem miði að því enda stjórni stefnandi í einu og öllu hverju skrefi í máli hennar og barnanna.

29. Stefnda byggir á því að hún sé nú sem áður reiðubúin til hvers kyns samvinnu sem miði að því að fjölskyldan sameinist á ný. Hún óski eftir að henni sé mætt af sanngirni og með stuðningi en ekki með hörku og útilokun. Hún hafi samþykkt fjölmörg inngríp stefnanda og verið til fullrar samvinnu frá upphafi málsmeðferðar án þess að sú nauðsynlega faglega vinna, sem þó hafi verið samþykkt í upphafi, hafi komið til framkvæmda. Hún hafi ítrekað samþykkt tímabundna vistun barnanna utan heimilis í þeirri von að þeim yrði mætt af skilningi og þeim veitt nauðsynleg aðstoð enda séu þau í afar viðkvæmri stöðu. Markmið stefnanda frá upphafi virðist hins vegar hafa verið það að slíta tengsl hennar og barnanna til frambúðar.
30. Þá byggir stefnda á því að niðurstaða forsjárhæfnimats sem málið sé byggt á gefi ekki rétta mynd af forsjárhæfni hennar. Matið hafi verið unnið þegar stefnda hafi verið í mjög þungri heilbrigðis meðferð vegna lífsógnandi sjúkdóms og hafi hún af þeim sökum ekki getað sýnt fram á færni sína og getu til umönnunar barnanna. Engin tilraun hafi verið gerð til að endurskoða þetta mat eftir að stefnda náði heilsu á ný heldur hafi málið verið keyrt áfram að því er virðist í þeim tilgangi að geta á endanum, við fyrsta mögulega tækifæri, svipt stefndu forsjá barna sinna.
31. Þá byggir stefnda á því að fjárhagslegir hagsmunir stefnanda ráði för í þessu máli. Fyrir liggi að stefnandi hafi skuldbundið sig til að greiða fyrir fjölskyldumeðferð í Grænuhlíð þegar meðferð stefndu hefjist þar. Með því að svipta stefndu forsjá barna sinni falli þessi skuldbinding niður. Þannig séu það fjárhagslegir hagsmunir stefnanda sem ráði för nú en ekki þau grundvallarmannréttindi tveggja barna að vera í tengslum við móður sína. Með því að svipta stefndu forsjá falli niður skylda stefnanda til að greiða fyrir meðferð móður og barna hennar í Grænuhlíð. Að óbreyttu falli því öll sú meðferðarvinna niður. Það muni skaða börnin til framtíðar.
32. Loks vísar stefnda til barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, Evrópusáttmálans um framkvæmd á réttindum barna og fjölmargra úrskurða Mannréttindadómstóls Evrópu í málum sem þessu þar sem rík áhersla sé lögð á velferð barna með virðingu fyrir rétti barns til að halda persónulegum rétti sínum, fjölskyldutengslum og einkennum. Þá segi í 2. másl. 1. mgr. 2. gr. barnaverndarlaga að leitast skuli við að ná markmiðum laganna með því að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og beita úrræðum til verndar einstökum börnum þegar það eigi við. Það hafi stefnandi vanrækt. Þegar leitað sé eftir viðeigandi úrræðum þurfi að fylgja fyrirmælum um að viðhalda uppeldi barns og verði barnaverndaryfirvöld í hvívetna að fara eftir fyrirmælum barnasáttmálans og öðrum grundvallarreglum barnalaga og barnaverndarlaga. Slíkt hafi verið vanrækt alfarið í málsmeðferð stefnanda í máli fjölskyldunnar og því sé staðan eins og hún sé. Á því beri stefnandi ábyrgð.

Niðurstaða.

33. Til úrlausnar í máli þessu er hvort orðið skuli við kröfu stefnanda, sem er barnaverndarþjónusta, um að stefnda verði svipt forsjá tveggja barna sinna, sem nú eru [...] og [...] ára.
34. Í 1. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 er kveðið á um að börn eigi rétt á vernd og umönnun og skuli njóta réttinda í samræmi við aldur sinn og þroska. Skulu allir sem hafa uppeldi og umönnun barna með höndum sýna þeim virðingu og umhyggju og óheimilt er með öllu að beita börn ofbeldi eða annarri vanvirðandi

háttsemi. Foreldrum ber að sýna börnum sínum umhyggju og nærfærni og gegna forsjár- og uppeldisskyldum við börn sín svo sem best hentar hag þeirra og þörfum. Þeim ber að búa börnum sínum viðunandi uppeldisaðstæður og gæta velfarnaðar þeirra í hvívetna.

35. Í 29. gr. barnaverndarlaga er fjallað um forsjárviptingu. Samkvæmt 1. mgr. greinarinnar er barnaverndarþjónustu heimilt að krefjast þess fyrir dómi að foreldri skuli svipt forsjá ef talið er að skilyrði eins eða fleiri þeirra fjögurra staflíða sem taldir eru í málsgreininni séu uppfyllt. Krafa stefnanda um að stefnda verði svipt forsjá barna sinna er reist á a- og d-lið 1. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga í samræmi við þá heimild sem umdæmisráð veitti stefnanda í úrskurði 20. júní sl. Samkvæmt a-lið er heimilt að krefjast forsjárviptingar ef daglegri umönnun, uppeldi eða samskiptum foreldra og barns er talið alvarlega ábótavant með hliðsjón af aldri þess og þroska. Samkvæmt d-lið er heimilt að gera slíka kröfu ef talið er fullvíst að líkamlegri eða andlegri heilsu barns eða þroska þess sé hætta búin sökum þess að foreldrar séu augljóslega vanhæfir til að fara með forsjána, svo sem vegna vímuefnaneyslu, geðrænna truflana, greindarskorts eða að breytni foreldra sé líkleg til að valda barni alvarlegum skaða. Í 2. mgr. 29. gr. laganna kemur fram að kröfu um sviptingu forsjár skuli því aðeins gera að ekki sé unnt að beita öðrum og vægari úrræðum til úrbóta eða að slíkar aðgerðir hafi verið reyndar án viðunandi árangurs. Leiðir hið sama af meðalhófsreglum 7. mgr. 4. gr. laganna og 12. gr. stjórnáskilnaðarlaga nr. 37/1993.
36. Við mat á því hvort skilyrði fyrrgreindra staflíða 1. mgr. 29. gr. séu uppfyllt verður að hafa í huga að samkvæmt 1. mgr. 2. gr. barnaverndarlaga er markmið laganna að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð. Leitast skal við að ná markmiðum laganna með því að styrkja fjölskyldur í uppeldishlutverki sínu og beita úrræðum til varnar einstökum börnum þegar það á við. Þá ber að líta til 4. gr. laganna, um meginreglur barnaverndarstarfs, þar sem fram kemur í 1. mgr. að í barnaverndarstarfi skuli beita þeim ráðstöfunum sem ætla megi að barni séu fyrir bestu og hagsmunir barna þá ávallt hafðir í fyrirrúmi. Á sú regla sér einnig stoð í 1. mgr. 3. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins sem hefur lagagildi hér á landi, sbr. 2. gr. laga nr. 19/2013. Af þessu leiðir að hagsmunir foreldra geta þurft að víkja fyrir hagsmunum barns. Barnaverndarstarf skal stuðla að stöðugleika í uppveksti barna, sbr. 3. mgr. 4. gr. barnaverndarlaga. Samkvæmt 2. og 4. mgr. sömu greinar skal veita barni upplýsingar um mál sitt á barnvænan hátt og tryggja skal barni sem getur myndað sér eigin skoðanir rétt til að láta þær í ljós við meðferð máls. Er síðastnefnd regla áréttuð í 2. mgr. 55. gr. laganna um að gefa skuli barni kost á að tjá sig við meðferð máls fyrir dómi. Þá skal taka réttmætt tillit til sjónarmiða og óska barns, að því marki sem aldur þess og þroski gefur tilefni til. Jafnframt eiga barnaverndaryfirvöld að leitast við að eiga góða samvinnu við börn og foreldra sem þau hafa afskipti af og ávallt sýna þeim fyllstu nærgætni og virðingu. Loks hvílir sú skylda á barnaverndarþjónustu samkvæmt 1. mgr. 56. gr. laganna að sjá til þess að mál sé nægilega upplýst áður en mál til sviptingar forsjár samkvæmt 29. gr. laganna er höfðað.
37. Eins og fram er komið hafa málefni stefndu og barna hennar verið til athugunar og umfjöllunar hjá barnaverndaryfirvöldum með hléum frá árinu [...] þegar stefnda eignaðist fyrsta barn sitt. Könnun á málefnum þeirra barna sem mál þetta lýtur að hófst á ný í ágúst 2023 þegar tilkynning barst frá skóla barnanna þar sem eldra barnið hafði greint kennara sínum frá því að stefnda beitti það ofbeldi. Var gerð meðferðaráætlun á grundvelli 23. gr. barnaverndarlaga þann 14. nóvember 2023 sem kvað á um ýmsan stuðning við stefndu svo sem rakið er í atvikalýsingu dómsins.

i.

38. Kemur fyrst til skoðunar hvort daglegri umönnun og samskiptum stefndu við börn sín hafi verið verulega ábótavant af hálfu stefndu og hvort andlegri eða líkamlegri heilsu eða þroska þeirra hafi verið hætta búin í umsjá hennar, sbr. a- og d-lið 1. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga.
39. Afskipti af málefnum barna stefndu, sem lauk með ákvörðun umdæmisráðs stefnanda 10. júní sl. þar sem stefnanda er heimilað að setja fram dómkröfur þessa máls, hófust í október 2023. Áður höfðu málefni barna hennar verið til meðferðar hjá barnaverndaryfirvöldum með hléum svo sem rakið er í atvikalýsingu dómsins. Að mati dómsins er vafalaust að aðbúnaður barna í umsjá stefndu hefur verið alls ófullnægjandi. Telja verður að þau hafi sætt alvarlegri vanrækslu og sterkar vísbendingar eru um að stefnda hafi beitt þau

ofbeldi. Hvað ofbeldið varðar vísast í þessu sambandi til þess sem eldra barnið greindi kennara sínum frá og síðan til frásagna þeirra sjálfra í samtölum við starfsmenn stefnanda þegar könnun málsins hófst í október 2023. Þar greindu bæði börnin frá því að stefnda væri vond við þau og hefði beitt þau ofbeldi, slegið þau og vanvirt með orðum. Breytir það ekki trúverðugleika frásagna barnanna þótt þau hafi síðar dregið eitthvað í land varðandi lýsingar á framkomu stefndu en grunur leikur á að hún hafi beitt þau þrýstingi í þá átt. Í gögnum málsins má víða sjá að stefnda ræðir við börnin um afskipti stefnanda af málum hennar og leitast við að fá þau til að taka afstöðu gegn stuðningi frá stefnanda. Á sama tíma voru einnig uppi áhyggjur í skóla barnanna af annars konar vanrækslu þar sem hreinlæti var talið ábótavant og ekki gætt að fullnægjandi mataræði barnanna, hvorki í skóla né heima. Þá glíma bæði börnin við alvarlega náms- og félagslega erfiðleika sem starfsmenn skóla barnanna höfðu áhyggjur af að stefnda veitti þeim ófullnægjandi stuðning til að takast á við. Fyrsta skýrsla sérfræðinga Ylfu, sem könnuðu aðstæður á heimili stefndu á tímabilinu 14. nóvember til 7. desember 2023, staðfestir að þær áhyggjur voru á rökum reistar en starfsmenn Ylfu fóru 12 sinnum inn á heimilið á ofangreindu tímabili. Í skýrslunni, sem er frá 11. desember s.á., er lýst alls ófullnægjandi uppeldisaðstæðum barnanna, svo sem skorti á eðlilegum tengslum stefndu við börnin, ónógum samskiptum við þau, skorti á örvun og samveru og nánast engri aðstoð við heimanám. Þá gætti stefnda ekki að heilsu barnanna með fullnægjandi hætti, svo sem með mataræði og tannhirðu, og aðbúnaður að öðru leyti á heimilinu var á ýmsa lund ófullnægjandi, svo sem varðandi þrif og þvotta, matseld eða annað tengt almennu heimilishaldi, sem stefnda virtist vera illa fær um að sinna. Þá bárust á sama tímabili, þ.e. haustið 2023 og í ársbyrjun 2024, fleiri tilkynningar frá skóla þar sem lýst var áhyggjum af aðbúnaði barnanna og hegðun þeirra. Á grundvelli framangreindra gagna er óhætt að slá því föstu að aðbúnaður barnanna var með þeim hætti að stefnanda bar skylda til að grípa til ráðstafana með hag barnanna að leiðarljósi.

40. Í framangreindri skýrslu Ylfu kemur fram að framkoma stefndu benti eindregið til þess að hún sjálf þyrfti á greiningu og stuðningi að halda með tilliti til geðsjúkdóma og/eða persónuleikaraskana. Þá lágu einnig fyrir eldri gögn sem veita vísbendingar um slíka erfiðleika, m.a. forsjárhæfnimat frá árinu 2011, en á þeim tíma glímdi stefnda jafnframt við fíknivanda.

ii.

41. Af gögnum málsins er óhætt að álykta að stefndu skorti verulega innsýn í eigin getu og hve slæm staða barna hennar er. Hún afneitar í meginatriðum öllum vísbendingum og gögnum sem sýna fram á þessa stöðu. Kemur ítrekað fram í gögnum málsins að stefnda neiti því að staða mála sé eins og lýst er. Má í þessu efni nefna meðferðarfund sem haldinn var 7. febrúar 2024, þar sem farið var yfir niðurstöðu starfsmanna Ylfu frá 11. desember 2023, og athugasemdir frá skóla, sem bárust á tímabilinu frá því fyrri meðferðaráætlun var gerð í nóvember það ár. Hún kvað það rangt að þrif og aðbúnaður á heimilinu væru ófullnægjandi, sagði það ekki rétt að hún sinnti ekki heimanámi barna sinna eða að þau mættu of seint í skóla. Hún andmælti því að hana skorti innsæi í þarfir barnanna og taldi sig ekki hafa þörf fyrir frekari stuðning inn á heimilið. Þá liggja fyrir í málinu margvísleg gögn sem lýsa vanda barna hennar og vísast í því efni til niðurstöðu sálfræðilegra mata sem unnin voru í janúar á þessu ári og greint er nánar frá í atvikalýsingu dómsins og upplýsinga frá skóla barnanna þar sem ítrekað er lýst áhyggjum af stöðu barnanna og þörf þeirra fyrir stuðning, bæði heima fyrir og af hálfu utanaðkomandi aðila. Þá er því víða lýst í gögnum málsins að tengsl stefndu við börnin séu yfirborðskennd og ekki í takt við það sem þau hafi þörf fyrir. Meðal annars segir í áður nefndri skýrslu Ylfu að þeim sé best lýst með því að á heimilinu búi saman þrjú einstaklingar þar sem samskipti séu í miklu lágmarki án líkamlegrar nándar. Í öðrum skýrslum starfsmanns Ylfu, sem sinnt hefur eftirliti með umgengni stefndu við börnin á þeim tíma sem þau hafa verið vistuð utan heimilis, er lýst samveru sem oft og tíðum einkennist af tengslaleyfi þótt umgengin hafi á köflum gengið ágætlega. Stefnda neitar því að tengslum hennar og barnanna hafi verið ábótavant fram til þess tíma er stefnandi hóf afskipti af málefnum hennar. Erfiðleikar barnanna núna megi rekja til aðgerða stefnanda sem hafi með aðgerðum sínum skaðað samband hennar við börnin. Sömu ályktun um afneitun stefndu og skort á innsæi má draga af framburði stefndu fyrir dómi. Í skýrslu sinni þar lýsir hún uppeldisfærni sinni á allt annan og betri veg en gögn málsins vitna um og gerir lítið úr erfiðleikum barna

sinna. Hún hafni því alfarið að hafa beitt börn sín harðræði eða ofbeldi og skýrir aðstæður þar sem grunur hefur leikið á því með ytri aðstæðum eða að um misskilning vitna hafi verið að ræða. Í þeim tilvikum sem hún gengst við því að einhverju hafi verið ábótavant í umönnun barna hennar vísar hún jafnan til ytri aðstæðna eða háttsemi annarra en hennar sjálftrar.

iii.

42. Fyrir liggur að stefnda glímir við margvíslegan geðrænan og sálrænan vanda sem hefur áhrif á forsjárhæfni hennar. Í samræmi við meðferðaráætlun frá 14. febrúar 2024 var stefndu boðin aðstoð vegna þess vanda með því að taka þátt í svokallaðri DAM-meðferð á Landspítalanum. Eins og greint hefur verið frá mætti hún ekki í greiningarviðtal hjá spítalanum þrátt fyrir itrekaðar boðanir en hefur nú þegið þjónustu í fjölskyldumiðstöðinni Grænuhlíð. Í nýlegum gögnum frá sérfræðingum í Grænuhlíð kemur fram að stefnda hafi hafið þar meðferð. Staða hennar er sögð erfið og flókin og yfirstandandi vinna felist í því að gera hana færa um að hefja eiginlega áfallavinnu sem aftur sé forsenda þess að unnt sé að veita henni frekari stuðning sem snúi að því að bæta uppeldisfærni hennar. Jafnframt kemur fram í gögnum málsins að stefnandi hafi fallist á að greiða fyrir allt að 80 klukkustunda meðferð hennar á vegum Grænuhlíðar, þ.m.t. fjölskyldumeðferð. Fyrir dómi bar L, starfsmaður stefnanda, að sá stuðningur stæði henni til boða á kostnað stefnanda óháð því hver niðurstaða þessa dómsmáls yrði. Er því ekki hald í þeirri málsástæðu stefndu að hvatar að baki kröfugerð stefnanda í málinu helgist af því að geta sparað sér þann kostnað. Hvað sem því líður er á hinn bóginn ljóst að jafnvel þótt meðferð geti hafist á vegum Grænuhlíðar og að stefndu auðnaðist að ná árangri með þeirri aðstoð er óvíst hvort og þá hvenær hún næði fullnægjandi árangri að því er varðar ásættanlega foreldrafærni.
43. Fyrir liggja tvær skýrslur um forsjárfærni stefndu, annars vegar mat D sálfræðings frá árinu 2011 og hins vegar sálfræðileg og geðlæknisleg álitserð D og E geðlæknis frá 27. ágúst 2024. Bæði D og E staðfestu niðurstöður síðarnefndu álitserðarinnar fyrir dómi og gerðu nánari grein fyrir niðurstöðum sínum. Helstu niðurstöðum álitserðarinnar er lýst í atvikalýsingu dómsins. Svo sem þar kemur fram telja sérfræðingarnir stefndu ekki búa yfir nauðsynlegri eða nægjanlegri færni til að fara með forsjá barna sinna. Ástæður þess, sem raktar eru ítarlega í álitserðinni, eru margþættar og lúta að sálrænum og geðrænum högum stefndu og ekki síst því hve erfitt henni reynist að nýta sér þá hæfileika sem hún býr yfir til að fást við dagleg verkefni tengd uppeldi barna sinna, sjálflægni, skorti hennar á innsýn og litlum vilja og/eða getu af hennar hálfu til að þiggja og nýta sér þá aðstoð sem henni hefur staðið til boða frá stefnanda og öðrum aðilum sem veita félagslega þjónustu af hálfu stefnanda.
44. Í svörum sínum fyrir dómi báru báðir sérfræðingarnir um verulega skerta forsjárhæfni stefndu þrátt fyrir eðlilega vitmunagreind. Lýstu þeir nánar hvernig vandi hennar væri samsettur bæði af erfiðri reynslu stefndu, persónugerð hennar og geðrænum og sálrænum vanda. Á meðan á matsvinnu stóð var stefnda í meðferð vegna krabbameins sem hún greindist með í árslok 2023. Aðspurðir um hvort þeir teldu þær aðstæður hafa haft umtalsverð áhrif á niðurstöðu álitserðarinnar svöruðu þeir því neitandi þótt gera mætti ráð fyrir að tíminn hafi verið stefndu erfiður. Sögðu þeir að leitast hefði verið við að taka tillit til þeirrar aðstöðu stefndu. Báðir höfundar álitserðarinnar töldu að útséð væri um að stefnda gæti unnið á vanda sínum á þann veg að forsjárhæfni hennar yrði viðunandi.
45. Þann 7. október 2024, þ.e. eftir að framangreindri álitserð var skilað, var gerð ný meðferðaráætlun á grundvelli 23. gr. barnaverndarlaga með samþykki stefndu. Var þar kveðið á um margvíslegan stuðning við stefndu í því skyni að bæta uppeldisfærni hennar og jafnframt hennar eigin líðan. Í niðurstöðu Landsréttar í máli nr. 924/2024, þar sem fallist var á tímabundna vistun barnanna utan heimilis, er vikið að þessari áætlun og segir þar að stefnda hafi, með því að fallast á áætlunina, sýnt viðleitni til að þiggja ráðgjöf og stuðning til þess að vera í stakk búin til að annast börnin sín. Verði að gefa henni svigrúm og tíma til að sýna fram á að hún sé fær um að annast börnin sín.
46. Svo sem rakið er í atvikalýsingu dómsins hefur sá stuðningur, tími og ráðrúm sem stefnda hefur fengið frá hausti 2024 ekki nýst henni til að bæta uppeldisfærni sína. Vísast í þessu efni til þess sem áður hefur verið rakið. Á þessu tímabili hafa börnin áfram verið vistuð utan heimilis og stefnda hvött og studd til að leita sér meðferðar vegna geðræns og sálræns vanda. Hún hefur ekki þegið meðferð á Landspítala þrátt fyrir

ítrekuð boð um að mæta. Aðspurð fyrir dómi kvað stefnda ástæðu þess vera þá að hún vilji ekki þiggja aðstoð sem fari fram á Kleppi þar sem miklir fordómar séu í samfélaginu gagnvart þeim sem njóta þjónustu þar. Þá hefur hún hafið meðferð í fjölskyldumiðstöðinni Grænuhlíð. Í nýjustu skýrslu þaðan, frá 17. október sl., kemur fram að stefnda hafði sótt meðferð þar frá því í júlí sl., er staða hennar er sögð erfið og flókin og yfirstandandi vinna felist í því að gera hana færa um að hefja eiginlega áfallavinnu sem aftur sé forsenda þess að unnt sé að veita henni frekari stuðning sem snúi að því að bæta uppeldisfærni hennar.

47. Með vísan til alls þess sem að framan er rakið er það niðurstaða dómsins að stefnda búi ekki yfir nauðsynlegri forsjár- og uppeldisfærni til að geta veitt börnum sínum þá vernd og umönnun sem þau eiga skýlausan rétt til og að hún sé heldur ekki í stakk búin til að sinna þeim á viðunandi hátt í samræmi við hag og þarfir þeirra með hliðsjón af aldri þeirra og þroska. Er hér jafnframt höfð hliðsjón af því að bæði börnin þurfa á sérstökum stuðningi að halda vegna erfiðleika sem þau sjálf glíma við og lýst hefur verið að framan. Er vafalaust að þau hafa ekki fengið þann stuðning á meðan þau voru í umsjá stefndu áður en þau fóru í tímabundna vistun utan heimilis. Þrátt fyrir að engin ástæða sé til að draga í efa að stefnda beri kærleiksþel til barna sinna og vilji þeim vel er jafnframt vafalaust að hún býr ekki yfir getu til að búa þeim þau uppeldisskilyrði sem þau eiga rétt til, sbr. 1. og 2. mgr. 1. gr. barnaverndarlaga, og hefur lítill eða engin breyting orðið þar á frá þeim tíma sem liðinn er frá því börnin fóru í vistun utan heimilis.

iv.

48. Í 2. mgr. 46. gr. barnaverndarlaga segir að gefa skuli barni kost á að tjá sig um mál sem það varði í samræmi við aldur þess og þroska og að taka skuli réttmætt tillit til skoðana þess við úrlausn málsins. Þau hafa bæði ítrekað lýst þeim vilja sínum að vilja áfram búa á þeim stað sem þau dvelja nú, hjá ömmu sinni og stjúpafa. Kemur þessi vilji þeirra fram í skýrslum talsmanns þeirra, en sú nýjasta er frá 26. september sl. Sama vilja lýstu þau í samtali við dómara málsins við upphaf aðalmeðferðar. Með hliðsjón af aldri barna stefndu, sem eru [...] og [...] ára gömul, verður að telja þau fær um að skilja eðli þeirra ráðstafana sem mál þetta lýtur að og ber því að taka réttmætt tillit til eindreginnar afstöðu þeirra.

v.

49. Svo sem ítarlega er rakið í málsatvikalýsingu dómsins og í niðurstöðunni hér að framan hefur stefnandi veitt stefndu og börnum hennar margvíslega aðstoð eftir að meðferð máls þessa hófst, í október 2023. Hefur stuðningur til barnanna einkum falist í því að vista þau utan heimilis stefndu, veita þeim sálfræðiþjónustu, hefja greiningarferli og veita þeim annars konar stuðning sérfræðinga. Þá hefur þeim verið skipaður talsmaður og eftirlit hefur verið haft með umgengni stefndu við börnin á þessu tímabili. Hvað stuðning við stefndu varðar hefur hann m.a. falist í uppeldisstuðningi og eftirliti af hálfu Ylfu og boði um og hvatningu til að leita sér aðstoðar sérfræðinga vegna geðrænna og sálrænna vanda. Ekki verður fallist á það með stefndu að þessi stuðningur hafi stuðlað að þeim vanda sem hún á við að glíma eða að hann eigi þátt í þeim erfiðleikum sem hún glímir við í uppeldishlutverki, svo sem varðandi tengslamyndun við börnin. Í ljósi þess hve lítill árangur hefur náðst varðandi geðheilsu og færni stefndu sjálfar verður ekki fallist á það með henni að annar eða frekari stuðningur sé til þess fallinn að breyta stöðu máls. Öll gögn hníga að því að árangurs sé ekki að vænta nema stefnda sjálf axli ábyrgð á aðstæðum sínum. Verður ekki annað séð en að stefnandi hafi gripið til þeirra úrræða sem tiltæk eru til að aðstoða hana í því efni. Er því hafnað þeirri málsástæðu hennar að stefnandi hafi brotið meðalhöfsreglu sem fram kemur í 7. mgr. 4. gr. barnaverndarlaga og 12. gr. stjórnsýslulaga.
50. Samkvæmt öllu því sem að framan er rakið og með vísan til viðamikilla gagna málsins, þar á meðal ítarlegri álitgerð um forsjárhæfni stefndu, sem og skýrslugjafar hennar sjálfar og vitna fyrir dómi, er það heildstætt mat dómsins að næg sönnun sé komin fram fyrir því að daglegri umönnun, uppeldi og samskiptum stefndu og barna hennar hafi verið alvarlega ábótavant með hliðsjón af aldri þeirra og þroska, sbr. a-lið 1. mgr. 29. gr. barnaverndarlaga, á meðan börnin voru í umsjá hennar. Þá verður að telja nægilega sönnun færða fram fyrir þeirri ályktun að uppfyllt séu skilyrði d-liðar sömu málsgreinar, þ.e. að fullvíst megi telja að líkamlegri og í öllu falli andlegri heilsu barnanna og þroska þeirra yrði hætta búin færðu þau aftur í umsjá stefndu sökum augljósrar vanhæfni hennar, sem rekja megi til geðrænna og sálrænna erfiðleika hennar, og

Þess litla árangurs sem meðferð og stuðningur hefur skilað á þeim tíma sem málið hefur verið í vinnslu. Þá verður ekki annað séð, með vísan til alls þess sem rakið hefur verið hér að framan, en að gætt hafi verið meðalhófs við þá ákvörðun að krefjast forsjárviptingar og að önnur og vægari úrræði séu ekki tæk eða hafi verið fullreynd, sbr. 2. mgr. sömu lagagreinar. Er það jafnframt álit dómsins að sú niðurstaða sé börnunum fyrir bestu, sbr. 1. mgr. 4. gr. barnaverndarlaga. Veður krafa stefnanda um að svipta stefndu forsjá barna sinna því tekin til greina.

vi.

51. Stefnandi gerir ekki kröfu um málskostnað og rétt þykir að málskostnaður á milli aðila falli niður. Stefnanda nýtur gjafsóknar samkvæmt gjafsóknarleyfi, útgefnu 29. september 2025. Allur gjafsóknarkostnaður stefndu greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar, Helgu Völu Helgadóttur Bachmann, sem þykir hæfilega ákveðin eins og í dómsorði greinir, eftir efni og umfangi málsins, fjölda þinghalda og framlögðu tímayfirliti lögmannsins. Samkvæmt dómvenju er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun gjafsóknarþóknunar
52. Sunna Lind Höskuldsdóttir lögmaður flutti málið fyrir stefnanda og Helga Vala Helgadóttir Bachmann lögmaður fyrir stefndu. Ingibjörg Þorsteinsdóttir héraðsdómari kveður upp þennan dóm ásamt Sindra M. Stephensen, settum héraðsdómara, og Rögnu Ólafsdóttur sálfræðingi.

Dómsorð:

Stefnda, A, er svipt forsjá barna sinna, B og C. Málskostnaður fellur niður. Allur gjafsóknarkostnaður stefndu greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. gjafsóknarþóknun lögmanns hennar, Helgu Völu Helgadóttur Bachmann, 1.134.000 krónur.